
FORNLEIFASKRÁNING INNAN DEILISKIPULAGSREIÐS MATORKU Í LANDI HÚSATÓFTA, GRINDAVÍKURBÆ



ELÍN ÓSK HREIÐARSDÓTTIR

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS
REYKJAVÍK 2019
FS734-19021



*Ljósmynd á forsíðu er af vörðu GK-027:067 innan deiliskípulagsreits
Mynd: Elín Ósk Hreiðarsdóttir*

©2019

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

BÁRUGÖTU 3

101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033

FAX: 551 1047

NETFANG: fsi@fornleif.is

www.fornleif.is

Samantekt

Í febrúarlök 2019 vann Fornleifastofnun Íslands fornleifaskráningu innan 20 ha deiliskipulagsreits Matorku í landi Húsatófta í sveitarfélaginu Grindavíkurbæ. Fornleifastofnun vann aðalskráningu í sveitarfélaginu á árunum 2002-2003 en þá voru ekki skráðar minjar innan reitsins og því engar minjar þekktar þar þegar vettvangsvinnan hófst. Deiliskipulagsreiturinn er um 300 m suðaustan við heimatún Húsatófta. Reiturinn nær frá þjóðvegi og að sjó. Þar er sendið en á köflum gróið hraunlendi. Auk húsa fiskeldis Matorku eru þar hús frá HS orku, vegir og fleiri mannvirki. Samtals fundust 5 minjar innan áhrifasvæðis, þrjár vörður, undirstaða undir girðingu/garðlag og óljós niðurgröftur. Auðvelt ætti að vera að tryggja að framkvæmdir á svæðinu skemmi ekki umræddar minjar.

Efnisorð: Fornleifastofnun Íslands, deiliskráning, fornleifafræði, fiskeldi, Matorka, Grindavík

Summary:

This report presents the findings and conclusion of a detailed survey carried out for Matorka, a land based aquaculture company on Reykjanes peninsula. The survey was conducted because of possible expansion and renovation of buildings in the area. The survey took place in february 2019. The detailed planning area was 20 ha and within it 5 sites were surveyed. Three of those were cairns, possibly marking the same route; additionally a base of a fence or a boundary was surveyed as well as a pit of some sort. The archaeological sites were considered to be at moderate risk since they are in an area of construction but with no known plans for structures nearby. If the necessary precautions are taken, all of these sites could be spared.


Keywords: Institute of Archaeology, detailed survey, archaeology, land based aquaculture, Matorka, Grindavík municipality

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR.....	7
2. SAGA FORNLEIFASKRÁNINGAR OG LÖGGJÖF.....	9
3. AÐFERÐIR VIÐ FORNLEIFASKRÁNINGU	11
4. FORNLEIFASKRÁNING INNAN DEILISKIPULAGSREITS	13
5. HELSTU NIÐURSTÖÐUR	23
HEIMILDASKRÁ.....	25
VIÐAUKI I: KORT SEM SÝNIR FORNLEIFAR Á ÚTTEKTARSVÆÐI	27

1. Inngangur

Í janúar 2019 fól Matorka ehf Fornleifastofnun Íslands ses að vinna deiliskráningu innan 20 ha skipulagsreits fyrirtækisins sunnan Nesvegjar í landi Húsatófta, Grindavík. Sökum snjóa var úttektin ekki unnin fyrr en í lok febrúar þegar svæðið var snjólaust. Áður hafði Fornleifastofnun aðalskráð minjar í landi Húsatófta en engar minjar voru þekktar innan svæðisins úr þeirri skráningu.¹ Um vettvangsúttekt, úrvinnslu og skýrslugerð sá Elín Ósk Hreiðarsdóttir.



Skýrsla þessi er byggð upp á svipaðan hátt og aðrar deiliskráningarskýrslur Fornleifastofnunar. Í öðrum kafla er að finna stutt yfirlit um löggjöf um minjavernd og í þeim þriðja farið yfir þær aðferðir sem notaðar voru við skráninguna og þá aðferðafræði sem notuð var við samantektina. Í fjórða kafla er sjálf fornleifaskráningin á deiliskipulagsreitnum og í fimmta og síðasta kafla verður farið yfir helstu niðurstöður úttektarinnar. Aftast í skýrslunni er svo að finna heimildaskrá og minjakort.

¹ Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2002 og Þóra Pétursdóttir. 2002.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skóðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...].“ Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Sú fornleifaskráning sem skýrslan byggir á er tvíþætt. Að hluta byggir hún á fyrirliggjandi heimilda- og aðalskráningu en svo var deiliskipulagsreiturinn tekinn út sérstaklega með deiliskráningu. Munurinn á skráningaraðferðum við aðal- og deiliskráningu er nokkur. Við aðalskráningu er einungis farið á þekkta staði og þeir skráðir en við deiliskráningu eru úttektarsvæði þaulgengin og leitað að fornleifum hvort sem vísbendingar um slíkt séu þekktar fyrirfram eða ekki. Við deiliskráningu eru einnig allar minjar uppmældar.


Það kerfi sem notað er til skráningar er hins vegar það sama hvort sem um deili- eða aðalskráningu er að ræða. Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (GK, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis minjastaðurinn er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.


Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Við aðalskráningu 2002-2003 var uppmæling gerð með handhægum GPS tækjum þar sem skekkjan var oftast undir 6 m og aðeins tekið eitt hnit í miðju minjastaðar. Þá voru hnit tekin í WGS 84 kerfi. Við deiliskráningu 2019 var mæling hnattstöðu gerð með GPS staðsetningartækjum af gerðinni Geoexplorer 6000 (ISN93) og er annars vegar mældur punktur með kennitölu í miðju hvers minjastaðar og hins vegar mæld upp mörk allra sjáanlegra minja. Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m friðhelgað svæði frá ystu mörkum minjastaðarins.

Númer jarðar í Jarðatali Johnsens Númer fornleifar á tiltekinni jörð Sérheiti Tegund Hlutverk Hnattstaða í landshnitakerfi ISN93

Sýslutákn SF-175:009 Sveinshlaða tóft hlaða E: 528751 N: 352323



Sveinshlaða 009, horft til norðurs



Ljósmynd af minjastað og uppmæling/teikning

Á túnakorti frá 1920 og bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1904 er sýnt útihús í túnjaðri um 210 m norðan við eldra bæjarstæði 001 og 80 m norðvestan við yngra bæjarstæði 003. Á þeim stað er stæðileg hlöðutóft sem nefnist Sveinshlaða og samtengt eða eldra mannvirki norðvestan við hana. Sveinshlaða er 16 m suðvestan við miðlínu Skafírtúnguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og telst því í stórhættu vegna vegagerðar. Tóftin er í túnjaðri fast suðvestan við Skafírtúnguveg (208). Túnið er í allmiklum halla til suðvesturs. Heildarstærð tóftarinnar er 23x14 m og snýr hún norðvestur-suðaustur. Í suðausturhluta hennar er Sveinshlaða sem er 15x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 5x6 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðan er niðurgráfin um 1 m og eru veggir hennar um 2 m á hæð innanmáls. Norðvestan við hlöðuna er annað hölf eða annað mannvirki og er það torfhlaðið. Það er þríhyrningslaga og er 9x6 m að innanmáli, mjókkar til norðvesturs. Op virðist vera inn í það í suðurhorni. Veggir þess eru 0,3-0,4 m á hæð og 2-2,5 m á breidd en veggir hlöðunnar eru 4-5 m á breidd. Hólfir virðast vera samtengd en hlaðan er mun yngri að sjá en hólfir norðvestan við hana. Nokkur hólmyndun er undir norðvesturhluta tóftarinnar og ljóst að mannvirki hafa verið á þessum stað í langan tíma.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar → Hætta sem steðjar að fornleif

Heimildir: Túnakort 1920

Heimild sem vísað er í, nánari færsla í heimildaskrá

Dæmi um skráningu á minjastað í deiliskráningu Fornleifastofnunar Íslands

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur lýsing á aðstæðum eins og við á og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem staðinn varða.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

4. Fornleifaskráning innan deiliskipulagsreits

Deiliskipulagsreiturinn sem tekinn var út í lok febrúar 2019 var um 20 ha stór. Hann er í landi Húsatófta, um 350 m suðaustan við gamla bæinn (GK-027:001), utan heimatúnsins. Norðurmörk reitsins voru við Nesveg 425 en suðurmörk við sjávarmál, við Arfadalsvík. Vesturmörk reitsins voru 60-70 m vestan við vestustu hús Matorku en austurmörkin voru um 470 m austan við austustu hús Matorku á svæðinu, nærri vegslóða sem liggur að húsum HS Orku (v/útrásar og dælingar) allra austast á svæðinu.

Deiliskráningarreiturinn er að mestu leyti hraunlendi. Hraunið virðist víðast hafa verið seigfljótandi, það er bungumyndað og sprungið á köflum og myndar þannig víða lága hryggi í landslagið. Á köflum er það gróið grasi og lyngi en gróðurhulan þunn og jarðvegur sendinn. Á suðurhluta svæðisins er talsvert um tjarnir og er svæðið grænna þar og grónara en norðurhluti svæðisins.

Talsverðar framkvæmdir hafa þegar átt sér stað innan úttektarsvæðisins enda hefur fiskeldi verið starfrækt þar um árabíl. Mest áberandi eru hús og önnur mannvirki Matorku allra vestast á svæðinu. Beint neðan þeirra er steinsteyptur grunnur af hafbeitarkví sem gerð var snemma á 9. áratugnum, austar er steinsteypt plata í hraunlendinu og borhola við hana sem tengist fiskeldinu og allra austast á reitnum eru húsbyggingar HS Orku. Að þeim liggur uppbyggður vegur en talsverður fjöldi af vegslóðum er innan svæðis, s.s. slóði sem liggur samsíða og sunnan við Nesveg og fjölmargir óverulegri slóðar sem flestir liggja í átt til sjávar. Ýmis ung mannvirki eru á svæðinu og er útlit sumra staðanna órætt og minnir jafnvel á minjar sums staðar. Dæmi um slíkan stað má nefna varnargarð úr grjóti sunnan við hús Matorku en hann var reistur í árdaga fiskeldisins til að varna flóðum að stöðinni. Óljósari ummerki (sem ekki voru talin til minja) voru víðar á svæðinu og á nokkrum stöðum hefur rusli einnig verið safnað í gjótur og jafnvel fergt yfir.

Við skráningu fundust fimm minjar innan deiliskipulagsreits og fylgir lýsing á þeim hér á eftir.

GK-027 Húsatóptir: Um sögu jarðar

1703: jarðadýrleiki óviss, konungsjörð og liggur til Viðeyjarklausturs. "Selstöðu hefur jörðin lángrvaranlega haft þar sem heitir á Selsvöllum, er þángað bæði langt og erfitt að sækja." Hjáleigur: Kóngshús og Garðhús. JÁM III, 20.

1703: "Túnið er á næstliðnu vori þann 19. maí virt aldeilis fordjarfað að fjórðungi sínum. Þeir eftirverandi fjórðungar mjög spiltir af sandi og enn hætt við meiri skaða. Engjar öngvar. Mestalt land jarðarinnar hraun og sandi undirorpið." JÁM III, 20.

1836: "Seld með fleiri kóngsjörðum þetta ár, fyrir 630 ríkisdali í silfri til þáverandi landseta. Höfðu Viðeyingar hér áður útræði." SSG, 136.


1840: "...fyrir norðan og útnorðan túnið er víðast hvar náttúrleg gyrðing af lágum hraunhömrum, sem þar gjá er kölluð; líkt er og fyrir sunnan túnið sjálfgerð gyrðing af sama efni, em þeim mismun, að hér liggur túnið fram á klettana, þar sem það að norðanverðu hefir skýli af þeim og liggur upp undir þá...Mörgum þykir fallett á bæ þessum því þar eru stór tún, slétt og fögur, þegar í blóma standa; eru þau og allvel ræktuð." Landnám Ingólfs III, 136

1840 er jarðardýrleiki 33 hdr.


1847: Jarðardýrleiki 33 1/3 hdr.JJ, 85.

"Til forna átti Staður rétt til vatnssóknar í Baðstofu í Húsatóftalandi. Til endurgjalds áttu Húsatóftir þangfjörutak á Stað." GB Mannlíf, 39. Kaupstaður var á Húsatóptum og var lent við Kóngshellu.

1906-1934: 5 tómhúsbylí voru byggð í landi Húsatófta á árunum 1906-1934; Dalbær (1906-46), Vindheimar (1911-34), Blómsturvellir (1914-22), Hamrar (til 1930) og Reynistaður (1934-38).



Staðsetning gryfju GK-027:061 sýnd með gulum punkti. Loftmynd: Loftmyndir ehf



Dæld/niðurgreiftur GK-027:061. Á mynd til vinstri er horft til suðurs. Til hægri er uppmæling af dældinni en gul lína sýnir norðurmörk deiliskipulagsreits. Norðar er Nesvegur. Loftmynd: Loftmyndir ehf

Ógreinileg dæld er um 7,5 m sunnan við Nesveg, á milli hans og malarslóða sunnar og um 200 m austan við bragga sem er austastur þeirra bygginga Matorku sem eru neðan við veginn. Dældin er um 35 m sunnan við Sundvörðu 027. Svolítill gönguslóði vestan við og bíslóði austan við. 4-5 m sunnan við er malarslóði en skammt norðar er Nesvegur.

Greinilegt mannaverk er á þessum stað en óvíst er um aldur þess eða eðli. Þarna er dæld líkt og grafið hafi verið. Hvenær var grafið eða í hvaða tilgangi er óljóst, dældin gróin þannig að

ekki virðist sem raskið sé alveg nýtt það gæti þó verið yngri en svo að það teljist til fornleifa þótt ómögulegt sé að segja um það án frekari rannsókna. Því var staðurinn mældur inn og látinn njóta vafans. Dældin er 2,4 x 1,4 m að stærð og 0,4 m á dýpt. Hún snýr norður-suður. Suðaustan við hana eru þrjár steinar í barmi dældarinnar. Dældin er mosavaxin í botninn og mosi og lyng vex í hliðum hennar en annars er hraunlent í kringum.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-027:067 varða hlutverk óþekkt

328073 374135



Staðsetning vörðu GK-027:067 sýnd með gulum punkti. Loftmynd: Loftmyndir ehf

Stæðileg og vel hlaðin varða er í hrauninu um 270 m austur af húsum Matorku en 210 m neðan (sunnan) Nesvegar 425. Hún er um 25 m norðan við vatn sem merkt er Gerðavallabrunnar í Örnefnasjá Landmælinga Íslands. Hún er um 800 m VSV við bæinn á Húsatóftum 001. Frá henni eru um 250 m beint til norðurs að vörðu 007. Varða 070 er um 190 m norðvestan við vörðuna en varða 069 um 260 m suðaustar. Varðan stendur á lágum hraunhrygg sem rís upp úr hrauninu umhverfis.



Varða GK-027:067. Á mynd til vinstri er horft til SSA. Á mynd til hægri sést staðsetning vörðunnar á loftmynd frá Loftmyndum ehf

Varðan er vel hlaðin og stæðileg. Hún er 1,2-1,5 m í þvermál, eilítið lengri NNV-SSA en á þverveginn. Varðan er mest um 0,8 m há og í henni sjást 7 umför af hleðslu. Ekki er vitað með vissu í hvaða tilgangi hún var hlaðin en líklegast er hún leiðarvísir. Á herforingjaráðskorti frá 1908 er merkt vörðuð leið frá Staðarhverfi og Húsatóftum til Járngerðarstaða á svipuðum slóðum, talsvert sunnar en núverandi vegur. Hugsanlegt er að varðan tengist umræddri leið.

Hættumat: hættu, vegna framkvæmda

Heimildir: Herforingjaráðskort frá 1908, kort 28 NV Krísuvík



Staðsetning garðlags GK-027:068 sýnd með gulum punkti. Loftmynd: Loftmyndir ehf



Óverulegur garður eða girðingaundirstaða GK-027:068 á mynd til vinstri (horft til suðausturs). Á loftmynd sést lögun garðlags og grjóthrúga merkt B.

Afar óverulegur garður, líklega aðeins undirhleðsla undir girðingu, er um 30 m norðan við tvö hús sem líklega eru hitaveitumannvirki niður við sjó um 470 m suðaustan við mannvirki Matorku innan

skipulagsreits. Garðurinn er um 16 m norðvestan við veg að sama húsi. Garðlagið er um 400 m sunnan við Nesveg 425. Í grónu hraunlendi.

Garðurinn er um 30 m langur en hefur líklega náð í um 6 m lengra til norðurs og mögulega alla leið að vatni sem þar er. Hann liggur í boga til VNV, NNV og norðurs. Hann er 0,3-0,5 m á breidd en 0,2 m á hæð. Hann er hlaðinn úr hraungrýti en er mosagróinn. Ekki er vitað hvaða tilgangi garðurinn hefur þjónað en líklegast hefur hann verið girðingaundirstaða frá 20. öld. Járnstaurar hafa verið reknir inn í garðinn og spotti settur á þá, hugsanlega til að merkja garðinn og tryggja að hann skemmdist ekki í framkvæmdum á þessum slóðum. Um 15 m vestan við garðinn eru nokkrir steinar saman á hraunhellu og var það mælt inn líka.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-027:069 varða hlutverk óþekkt

328260 374136



Staðsetning vörðu GK-027:069 sýnd með gulum punkti. Loftmynd: Loftmyndir ehf

Um 50 m austan við garðlag 068 og innan við 10 m austan við vegslóða (að hitaveituhúsi) eru óljós ummerki um vörðu. Varðan hefur verið um 450 m beint sunnan við Nesveg 425. Gróið hraunlendi, á hraunhrygg.

Óljós mannvirki en helst virðist sem þarna hafi staðið varða sem er þá að nokkru leyti




Grjóthleðsla/meint varða GK-027:069. Á mynd til vinstri er horft til norðvesturs en á loftmynd til hægri sést staðsetning vörðunnar í námunda við veg að mannvirkjum HS orku. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

hrunin til austurs. Það sem er lögulegast af mannvirkinu er ríflega 1 m í þvermál. Í hana miðja hefur verið rekinn járnteinn, hugsanlega til að merkja hana. Ekkert er vitað um aldur vörðunnar og ekkert með vissu í hvaða tilgangi hún var hlaðin en líklegast er hún leiðarvísir. Á herforingjaráðskorti frá 1908 er merkt vörðuð leið frá Staðarhverfi og Húsatóftum til Járngerðarstaða á svipuðum slóðum, talsvert sunnar en núverandi vegur. Hugsanlegt er að varðan tengist umræddri leið.

Hættumat: hættu, vegna framkvæmda

Heimildir: Herforingjaráðskort frá 1908, kort 28 NV Krísuvík



Staðsetning vörðu GK-027:070 sýnd með gulum punkti. Loftmynd: Loftmyndir ehf

Hrunin varða er skammt austan við Matorku og um 55 m sunnan við Nesveg 425. Varðan er í grónu hraunlendi. Hún er á hálfgerðum hraunhrygg og er talsvert hrunin.

Varðan er um 2 m í þvermál en er aðeins lengri norðvestur-suðaustur heldur en á þverveginn en 0,7 m á hæð. Hún er talsvert hrunin og mosagróin en mest sjást í henni þrjú umför af hleðslu. Skammt sunnan við vörðuna má sjá línulegt mannvirki, upphlaðið Ekki er vitað í hvaða tilgangi varðan var hlaðin en líklegast er hún leiðarvísir. Á herforingjaráðskorti frá 1908 er merkt vörðuð leið frá Staðarhverfi og Húsatóftum til Járngerðarstaða á svipuðum slóðum, talsvert sunnar en núverandi vegur. Hugsanlegt er að varðan tengist umræddri leið.



Varða GK-027:070 uppmæld. Á ljósmynd ofar er horft til SSV. Á loftmynd neðar er upphlaðið mannvirki, vegur eða lögn merkt með appelsínugulri línu. Loftmynd: Loftmyndir ehf.


Hættumat: hættu, vegna framkvæmda

Heimildir: Herforingjaráðskort frá 1908, kort 28 NV Krísuvík

5. Helstu niðurstöður

Deiliskipulagsreitir sá sem hér er fjallað um er 20 ha stór. Hann er utan heimatúns, í landi Húsatófta. Þar hefur fiskeldi verið starfrækt um áratuga skeið og eru ekki ráðgerðar miklar breytingar á því innan skipulagsreitsins á næstunni en þó er unnið að deiliskipulagi þar sem gert er ráð fyrir áframhaldandi viðhaldi og uppbyggingu í svipuðum anda og er nú þegar á svæðinu.

Landslag og gróðurfar á úttektarsvæðinu einkennist af sendnu, en að hluta til grónu, hraunlendi en við sjávarsíðuna eru víða tjarnir og gróskumeiri gróður. Almennt séð er gróðurfar á svæðinu fremur rýrt og hefur það lítið nýst fyrir skepnuhald á fyrri tímum enda fundust engin ummerki um mannvirki því tengd.



Úttektarsvæðið gróflega teiknað inn á Herforingjaráðskort frá 1908 með rauðu. Á kortinu má sjá varðaða leið milli Staðarhverfis/Húsatófta og Járngerðarstaða

Ekki var þekkt heimild um uppsátur eða lendingu á svæðinu og almennt séð fundust ekki vísbendingar í heimildum um mannaverk eða fornleifar á svæðinu yfir höfuð. Á því fundust hins vegar fimm fornleifar, flestar fremur óræðar og er aldur þeirra allra óþekktur. Þrjár af fornleifunum voru vörður (GK-027:067, 069 og 070) og er vel mögulegt að þær hafi allar markað sömu leiðina en þjóðleiðin frá Staðarhverfi og Húsatóftum lá á svipuðum slóðum áður fyrr (sjá Herforingjaráðskort). Auk varðanna voru skráð ummerki eftir óverulegan garð eða undirstöðu girðingar (GK-027:068) og niðurgröft (GK-027:061) á einum stað en óvíst er hvort staðirnir séu nógu gamlir til að teljast til fornleifa í laganna skilningi.

Almennt séð er svæðið því fremur fátækt af minjum og má því segja að það sé hentugt fyrir framkvæmdir frá sjónarhóli fornleifafræðinnar. Á því eru þó þær undantekningar sem fjallað er um í skýrslunni en auðvelt ætti að vera að forðast rask á minjastöðunum þegar og ef frekari framkvæmdir verða ráðgerðar innan deiliskipulagsreits. Að því sögðu er rétt að benda á að ekki er hægt að útiloka að forn og áður óþekkt mannvirki gætu komið ljós við framkvæmdir. Komi áður óþekktar minjar í ljós við framkvæmdir skal samkvæmt lögum stöðva þær og tilkynna um fundinn til Minjastofnunar Íslands. Rétt er að geta þess í lokin að þar sem ekki verður hjá raski komist úrskurðar Minjastofnun um hvort og með hvaða skilmálum fornleifar megi víkja.

Heimildaskrá

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2002. Fornleifaskráning í Grindavík 1. áfangi. Fornleifastofnun Íslands. Fjölrit nr. FS192-02151.

Jón Johnsen. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn. Skammstafað JJ í grunni.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III. 1913-90. Kaupmannahöfn/Reykjavík. Skammstafað JÁM III í grunni.

Ómar Smári Ármannsson. *Staðarhverfi, sögu- og örnefnaskilti*. Ferlir. Skoðað 18.01.2019. Slóðin er: <http://www.ferlir.is/?id=7190>

Sýslubýsingar og sóknarbykingar. 1937-39. Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess III. Reykjavík. Skammstafað SSGK í grunni.

Þóra Pétursdóttir. 2002. Fornleifaskráning í Grindavík 2. áfangi. Fornleifastofnun Íslands. Fjölrit nr. FS184-02152.

Viðauki I: Kort sem sýnir fornleifar á úttektarsvæði

Loftmynd: Loftmyndir ehf.

